

## „Ég hef syndgað faðir...“

- Fyrirgefið mér faðir, því ég hef syndgað.
- Hversu langt er síðan þú skrifaðir síðast?
- Rétt rúmlega tvö ár, faðir.
- Hvað er að heyra! Veistu ekki að önnur tilskipun segir að játa beri syndir sínar einu sinni á ári og þá á páskaföstunni?
- Jú, faðir. Ég vissi að ég fengi skammir. En dagarnir hlaupa frá manni. Það þarf að hugsa um húsið, garðinn, verksmiðjuna og hundana. Vitið þér hversu erfitt það er að baða þessa bölvuðu hunda? Afsakið faðir. Þeir ná að losa sig úr ólinni og eru svo sterkir að þeir velta mér um koll. Og til að bæta gráu ofan á svart þá gelta þeir stöðugt og frúin hrópar: „Passaðu að meiða þá ekki. Þú ert of harðhentur við greyin“. Þeir eru reyndar svo ofdekraðir að stundum vildi ég að ég væri hundur.
- Ekki leggja orð Guðs við hégóma.
- Afsakið faðir, en maður þrjóskast við. Ég er á þönum allan daginn milli setursins og verksmiðjunnar, því þetta er svo margt fólk. Og þess sjást engin merki að ég sópi og þrífi tvisvar á dag.
- Hættu nú að kvarta. Vinnan göfgar manninn og er Guði þóknanleg.
- Þér hafið rétt fyrir yður, faðir. Ég ætti ekki að kvarta. Það eru aðrir sem hafa það verra en ég. Að minnsta kosti deyjum við ekki úr hungri, konan mín, barnið og ég.
- Áttu aðeins eitt barn?
- Þökk sé Guði. Konan mín varð fyrir óláni og þurfti að fara í aðgerð.

---

1 Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi

– Jæja, en segðu mér nú frá syndum þínum. Það eru margir sem bíða.

– Eins og þér sjáir faðir, þá er ég hingað kominn til að leita ráða. Ég hef verið ranglega ásakaður og ég þarfnast aðstoðar yðar. Ég stal ekki brönugrasbrúsknum. Það get ég svarið. Konan mín er vitni og hún lýgur aldrei. Þú þekkir hana, faðir. Hún heitir María Engracia León.

– Auðvitað. Hún gengur alltaf til skrifta fyrsta föstudag hvers mánaðar.

– Sjáðu til, faðir. Ég þurfti að klifra til að sækja blessaðan brönugrasbrúskinn. Ég þurfti að klifra upp í risavaxið sedrustré við árbakkann, en þangað fórum við sunnudag nokkurn í eins konar lautarferð. Tréð var svo hátt að þegar kom að því að klifra niður sundlaði mig. Ég hélt brönugrasinu milli tannanna og lét mig síga löturhægt til jarðar. Kona mín og barn héldu niðri í sér andanum á meðan. Ég þakka Guði fyrir það að ekkert kom fyrir mig. Þennan sama dag fann ég plómutré og gróðursetti brönugrasið þar nærri. Þremur mánuðum síðar blómgaðist svo jurtin. Við töldum tíu blóm. Ég segi það satt. Allir íbúar hverfisins komu til að virða þau fyrir sér og dást að þeim.

– Flýttu þér nú, tíminn flýgur.

– Já, faðir. Málið er að nágrenniskonan segir að ég hafi stolið plöntunni úr garðinum hennar. Hún sýndi meira að segja lögreglunni holu sem hundarnir höfðu grafið og sagði mig hafa tekið hana þaðan. En ég sver frammi fyrir Guði almáttugum á himnum sem allt sér, að hvert smáatriði þess sem ég sagði yður nú rétt í þessu er heilagur sannleikur. Þér ættuð að vita hvað ég skammaðist mín þegar að lögreglan kom heim til mín. Þeir voru tveir og bægðu konunni minni harkalega frá þegar hún opnaði hurðina. Ég fölnaði af geðshreringu. Ekki vegna þess að ég hafði gert eitthvað af mér, heldur af því að ég hef alltaf verið hræddur við laganna verði. Eða alveg síðan þeir eltu mig um göturnar eftir að myrkvaði og gáfu mér illt auga á eftirlitsferðum sínum. Nema hvað, lögreglumennirnir tveir koma inn í húsagarðinn, rífa upp brönugrasið og hreyta í mig: „Þjófur! Þetta brönugras er eign húsmóður þinnar.“ Ég skammaðist mín og reiddist og sagði þeim að þetta væri ekki satt. „Sýndu yfirvöldum meiri virðingu annars stingum við þér í fangelsi.“ Niðurlútur sagði

ég þeim eins auðmjúklega og mér var frekast unnt að þetta væri allt saman ósatt. „Húsmóðir þín lýgur ekki,“ svöruðu þeir mér og tóku brönugrasið með sér. Ég vildi ekki segja neitt fleira, en ég hef heyrt hana ljúga að eiginmanni sínum um stórvægilegri hluti en þetta.

– Hættu að slúðra.

– Þetta er satt, faðir. Maður á ekki að tala illa um náungann en þegar maður á að létta á samviskunnri þá lætur maður allt flakka og þar sem ég er mikið inni á heimilinu heyri ég hluti sem betra væri að heyra ekki.

– Ef þú værir að sinna vinnu þinni sem skyldi, væri ekki svona komið fyrir þér.

– Vitið þér hvað gerðist? Einn daginn þegar ég var að vaxbera gólfín kom frúin inn án þess að taka eftir mér. Með henni var sölu- maður og miðað við það sem þeim fór á milli er augljóst að hún heldur framhjá manni sínum.

– Þú skalt segja mér nöfn þeirra beggja á stundinni.

– Já faðir, eins og þér óskið. Hann heitir Alejandro Soto og hún frú Esmeralda. Þessa stundina er ég sár út í hana því hún veit hversu heiðarlegur ég er. Hún skilur hringana sína og eyrnalokka eftir á snyrtiborðinu og aldrei tek ég nokkurn hlut. Um daginn fann ég meira að segja hring fyrir hana sem hafði dottið undir rúm. Og að segja núna að ég hafi stolið frá henni brönugrasinu! Ég tala nú ekki um eftir alla óheppnina sem ég hef lent í eftir að ég gekk í verkalýðs- félagið. Ég átti ekki í útistöðum við neinn. En einn daginn þegar ég var að þrífá verksmiðjuna kom Luis. Hann kemur vel fyrir. Hann vill ekki einu sinni að við ávörpum hann herra þótt hann gangi í jakka og með bindi. Dag einn bauð hann mér og nokkrum öðrum starfs- mönnum upp á kaffi. Hann spurði okkur hvort við værum ánægðir með samningana okkar og með kaupið. Nánast allir neituðu. Þér vitið hvernig aðstæður eru í verksmiðjunum. Þeir borga ekki yfir- vinnu og þetta er mikil erfiðisvinna, það veit ég. Maður vill alltaf hafa það aðeins betra.

– Í stað þess að tala svona mikið ættuð þið að þakka fyrir að hafa vinnu.

– Það er rétt hjá yður, faðir. En stundum er manni nóg boðið. Sérstaklega þegar maður heyrir að hægt sé að fara fram á meira ef maður undirbýr sig vel.

– Hvílíkar endemis sögusagnir!

– Ég veit það ekki, faðir. Þetta hefur hjálpað sumum. Isaac Fuentes fékk nýlega borgaða frídaga í fyrsta skipti í þau sex ár sem hann hefur unnið í verksmiðjunni.

– Ef þið væruð kirkjuræknari og legðuð traust ykkar á mig, gæti ég fengið því sama framengt. Vandamálið er að þið hafið yfirgefið kirkjuna og eruð í slæmum félagskap.

– Nei, faðir. Luis er góður maður. Hann er mjög vel máli farinn og talar svo skýrt að maður skilur hann fullkomlega. Ég hef hins vegar tilhneigingu til að flækja hlutina og þegar ég ætla mér að endurtaka það sem hann hefur sagt, þá bara get ég það ekki.

– Mörg falleg orð sem eru aðeins til þess fallin að sá óánægju og hvetja til verkfalla. Og þá tapa allir.

– Faðir, við erum í verkfalli.

– Þér getur ekki verið alvara! Hópur af heimskingjum sem glæsimenni eins og Luis hafa tangarhald á í þeirri von að fá betri stöðu innan verkalýðsfélagsins.

– Konunni minni hefur aldrei líkað að ég sé að blanda mér í þetta.

– Konan þín er líka mun hliðhollari kirkjunni. Hún hlustar á prestana sem vara við þeim sem vilja víkja af réttri leið.

– Og hvað geri ég nú, faðir?

– Það er aldrei of seint að feta aftur inn á Guðs veginum. En þú hefur ekki lokið við að segja mér frá hvað gerðist með brönugrasið.

– Eins og ég var að segja þér, þá fórum við í verkfall og ég var tilnefndur trúnaðarmaður. Af einfaldni samþykkti ég það og síðan þá hef ég misst velvilja vinnuveitendanna. „Ég hefði aldrei trúað því að þú myndir gera þetta.“ „Hvað, herra?“ „Að fara gegn okkur með þessum verksmiðjulýð. Við sem höfum komið fram við þig eins og einn af fjölskyldunni.“ Frúin eyddi ekki frekari orðum í mig og matreiðslukonan kom ekki aftur til að gefa mér matarleifar, heldur gaf hún þær hundunum beint fyrir framan nefið á mér til að móðga mig. Aðeins vinnukonan gaf sig á tal við mig einn daginn og sagði lágum rómi: „Þvílík skepna sem þú ert, Juan, að ganga í verkalýðsfélag og gerast þar að auki trúnaðarmaður. Núna munu þau losa sig við þig. Ég talaði við Luis og hann róaði mig niður. Hann sagði að ég hefði ekkert að óttast, að félagið myndi standa við bakið á mér og að ég ætti að sitja sem fastast sem trúnaðarmaður. En í gær komu lög-

reglumennirnir aftur og þeir sögðu mér að ef ég segði af mér myndu þeir þagga niður málið um brönugrasið. Konan mín heyrði þetta og þegar þeir fóru brast hún í grát og sagði að við myndum ekki eiga fyrir mat og hvað yrði þá um barnið. Hún grét þar til ég lofaði að fara til þín og leita ráða.

– Þú hefur átt að koma áður en þú gekkst í verkalýðsfélagið. Maður nær meiru fram með góðu en illu. Heilagur andi ætti alltaf að vísa veginn en ekki þessi barátta sem hvetur menn til þess að koma sér áfram á kostnað annarra. Ég ráðlegg þér að ganga úr verkalýðsfélaginu, að tala við yfirmann þinn og að þú snúir þér til kirkjunnar. Þig skortir auðmýkt og undirgefni við Guðs vilja.

– Og varðandi þjófnaðinn, faðir?

– Sonur, ég er viss um að það var bara einhver misskilningur. Ég skal tala við húsbónda þinn fyrir þína hönd. Hafðu trú á guðlegri forsjón og farðu með maríubænir í iðrunarskyni. Nú skaltu iðrast synna þinna á meðan ég veiti þér blessun. Og í hvert skipti sem þú ert í vanda skaltu koma að leita ráða hjá mér. Til þess erum við. Til þess að hjálpa þeim þurfandi. Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Farðu í friði, sonur...